

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 9. ágúst 1961 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu 1. september 1961 til 31. ágúst 1962 á grundvelli viðskiptasamnings frá 16. nóvember 1960 (Stj.tíð. A. 73/1960).

Gert er ráð fyrir að flutt verði út frá Íslandi fryst flök, fryst síld, fiskimjöl, lýsi, fiskniðursuða o. fl. Frá Tékkóslóvakíu er m. a. gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvöru, skófatnaði, búsáhöldum, rúðugleri, járn og stálvörum, margs konar iðnaðarvélum og verkfærum, bílum, hjólbörðum, auk fleiri vara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. ágúst 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.